

**Viðauki við stofnanasamning Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu
og
Sameykis, (áður SFR), dags. 1. júní 2017**

Í ljósi breytinga á starfsemi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu hafa störf landamæravarða bæst við þau störf sem þegar eru til staðar hjá embættinu. Með viðauka þessum er samkomulag milli aðila um að landamæraverðir bætist við starfsheitalista stofnanasamnings aðila, dags. 1. júní 2017. Jafnframt er samkomulag milli aðila um launaröðun landamæravarða. Tekin var sú ákvörðun milli aðila að í stað þess að taka upp allan samninginn frá 2017 þá er sú leið farin að gera viðauka þennan.

Landamæravörður - starfaflokkur 1-L

Landamæraverðir hefja störf með námi við landamæravörslu (Landamæranám 1 og starftengt nám). Starfið er landamæravarsla á fyrsta stigi landamæraeftirlits (landamæraeftirlit í vegabréfahliðum) og önnur störf tengd landamæravörslu undir stjórn yfirmanns hverju sinni.

Grunnröðun lfl. 12.

Landamæravörður - starfaflokkur 2-L

Landamæraverðir hafa lokið Landamæranámi 1. Starfið er landamæravarsla á fyrsta stigi landamæraeftirlits (landamæraeftirlit í vegabréfahliðum) og önnur störf tengd landamæravörslu samkvæmt ákvörðun yfirmanna. Starfið krefst faglegrar hæfni og sérþekkingar á starfi landamæraeftirlits á fyrsta stigi. Starfið krefst sjálfstæðra vinnubragða og einnig símenntunar, endurmenntunar og þjálfunar í beitingu laga og reglna.

Grunnröðun lfl. 14.

Landamæravörður - starfaflokkur 3-L

Starfið felur í sér ábyrgð eða umsjón með verkefnum sem krefjast töluverðar þekkingar á ákveðnu sviði innan stofnunar. Starfsmaður skal hafa staðgóða þekkingu á verkefninu, vinna sjálfstætt og/eða hafa verkstjórn yfir öðrum starfsmönnum, og bera ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum gagnvart yfirstjórn embættis. Starfið krefst faglegrar hæfni og sérþekkingar á málaflokkum landamæraeftirlits á öðru stigi og einnig símenntunar, endurmenntunar og þjálfunar í beitingu laga og reglna. Landamæravörður á öðru stigi sinnir öðrum störfum tengdum landamæravörslu samkvæmt ákvörðun yfirmanna.

Grunnröðun lfl. 16.

Dags. 4. október 2025

F.h. Sameykis

F.h. Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu